



Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Smiðju, Tjarnargötu 9

umsagnir@nefnasvid.is

Reykjavík, 2. apríl 2024

Efni: Frumvarp til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila

Samtök atvinnulífsins hafa tekið til umsagnar frumvarp um um slit ógjaldfærra opinberra aðila. Mælt er fyrir um slitameðferð ógjaldfærra opinberra aðila sem njóta einfaldrar ábyrgðar ríkis eða sveitarfélags. Markmið frumvarpsins er að bæta úr vöntun lagaheimildar til að taka opinbera aðila til slita eða skuldaskilameðferðar, að mæla með almennum hætti fyrir um skipulögð slit og uppgjör ógjaldfærra opinberra aðila með hagfelldri niðurstöðu fyrir þá sem hafa hagsmuna að gæta.

Í umsögn þessari ítreka Samtök atvinnulífsins í öllum megin dráttum þær ábendingar sem viðraðar voru í umsögn samtakanna um málið þegar áform um lagasetningu þessa og drög að frumvarpi voru birt í samráðsgátt. SA leggja sérstaka áherslu á að vandamál það sem ríkissjóður stendur nú frammi fyrir vegna ÍL-sjóðs á sér langa sögu og á rætur sínar að rekja til þess hversu illa var staðið að málum í upphafi. Mikil vaxtaáhætta var tekin á sínum tíma sem þó má ætla að hafi verið mönnum fyllilega ljós á þeim tíma.

Áhrif slits og uppgjörs á fjármálamarkaði

Ekki er óvarlegt að ætla að slit ÍL-sjóðs og uppgjör á skuldbindingum hans fyrir gjalddaga komi til með að raska jafnvægi á eignasöfnum lífeyrissjóða, að minnsta kosti til skamms tíma, með tilheyrandi áhrifum á fjármála- og gjaldeyrismarkað.

Jafnvel þótt lagasetning þessi sé almenn að nafninu til er tilefni hennar skýrt, þ.e. bág fjárhagsstaða ÍL-sjóðs. Í ljósi þess telja SA að svara þurfi veigamiklum spurningum um slit sjóðsins áður en heimild til slita er sett í lög. Í ljósi áherslu íslenska ríkisins á að spurningum er varða fjármálastöðugleika þurfi ekki að svara fyrr en ráðherra tekur ákvörðun um slit á grundvelli laganna leggja SA til að í frumvarpinu felist lögboðin skylda til að leita umsagnar Seðlabanka Íslands um áhrifa slita ógjaldfærra opinberra aðila á fjármálamarkaði og fjármálastöðugleika, áður en ráðherra er heimilt að taka ákvörðun um slit, verði frumvarpið á annað borð að lögum. Í umsögn um drög að frumvarpi þessu bentu SA á að vendingar á fjármálamörkuðum í tengslum við uppgjör ÍL-sjóðs gætu haft veruleg áhrif á fjárhagslegan ávinning ríkissjóðs af lagasetningunni. SA kölluðu þá eftir því að ráðuneytið birti slíka greiningu áður en lengra yrði haldið, í samvinnu við Seðlabanka Íslands.

Til viðbótar telja SA umtalsverða orðsporsáhættu felast í því fyrir ríkissjóð ef málið fær ekki farsælan endi sem grundvallast á breiðri sátt þeirra aðila sem að málinu koma. Slíkt hið sama má segja um önnur hugsanleg slit opinberra aðila, sem komið gætu til í framtíð, hafi stofnast

til kröfu með einfaldri ábyrgð ríkis eða sveitarfélags á tíma þar sem gengið hefur verið út frá því að ekki yrði hægt að ganga til slita enda hafi ekki verið kveðið á um slíkt í lögum.

Þann 1. desember sl. skilaði Seðlabanki Íslands minnisblaði¹ til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem áhrif af sölu eigna ÍL-sjóðs á fjármálastöðugleika o.fl. eru tíunduð. Í megindráttum er ábendingarnar sem í því felast í samræmi við þær sem SA lögðu fram í umsögn um drög að frumvarpi þessu. Í minnisblaði Seðlabankans er skýrt dregið fram hve stórt eignasafn sjóðsins er í samhengi við íslenska hagkerfið, en það nam 15,3% af VLF í júní 2023, og dæmi um „sambærilegar“ eignasölur telja ekki nema um 10% af eignasafni ÍL-sjóðs. Leiða megi að því líkur að sölutími m.v. fjárhagslega getu mögulegra kaupenda á eignum sjóðsins hlypi á árum en ekki mánuðum. Til samanburðar tók áratug að vinda ofan af eignasafni Seðlabanka Íslands (ESÍ) sem varð til í fjármálahruginu, en stærð þess nam 30% af VLF í lok árs 2009. Að mati Seðlabankans verður safni af þessari stærðargráðu ekki komið í verð á skömmum tíma án þess að hafa veruleg áhrif á innlenda fjármálamarkaði. Hvergi er minnst á minnisblað þetta í frumvarpinu sem hér er til umsagnar.

Fjárhagslegur ávinningur forsendum háður

Í frumvarpinu segir að ríkinu sé skylt að grípa til ráðstafana til að draga úr skaðlegum afleiðingum greiðsluþrots ÍL-sjóðs. Fjárhagsleg greining á stöðu sjóðsins og sú sviðsmynd til framtíðar sem dregin hafi verið upp valdi því að ríkið geti ekki látið við það sitja að aðhafast ekki. Kostnaðurinn við að leggja sjóðnum til fé til að greiða af skuldum sínum út líftíma þeirra til ársins 2044 sé áætlaður 200 ma. kr. að núvirði. Aftur á móti myndi lagasetning sem heimili slit og uppgjör sjóðsins leiða til þess að ríkissjóður þyrfti að leggja fram 47 ma. kr. Augljóst sé að ríkinu beri því að fara áformaða leið lagasetningar.

Sviðsmyndir þessar og útreikningar hljóta, eðli máls samkvæmt, að vera viðkvæmir fyrir þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar, t.d. um verðbólgu og almennt vaxtastig á markaði. Líkt og bent er á í athugasemdum LOGOS fyrir hönd tuttugu lífeyrissjóða, sem birt var í samráðsgátt þann 21. nóvember 2023², hefur kostnaðurinn við að leggja sjóðnum til fé til að standa undir skuldum út líftíma minnkað töluvert sé miðað við stöðuna 1. nóvember sl., og nam ríflega 100 ma. kr. núvirt. Við slit og uppgjör þyrfti ríkið að leggja fram 74 ma. kr. Stærsti áhrifaþátturinn er hækkun á ávöxtunarkröfu langra verðtryggðra ríkisskuldabréfa úr 1% í 2,7%.

Í ljósi þeirra mörgu lagalegu ágreiningsefna sem uppi eru er hætt við því að frumvarp þetta stuðli ekki að því að eyða óvissu úr rekstri ríkissjóðs og sveitarfélaga þegar fram í sækir, þvert á móti.


Verði lyktir ÍL-sjóðs málsins þær að upphaflegir skilmálar skuldabréfanna verða ekki efndir mun það að líkindum leiða til þess að málið verði borið undir dómstóla. Mörg lögfræðileg ágreiningsefni eru óútkljáð og ætla má að málaferli getið staðið yfir svo árum skipti, sem eftir atvikum geti haft í för með sér að veruleg skuldbinding falli á ríkissjóð þegar fram í sækir. Jafnvel meiri að umfangi en sú sem blasir við að óbreyttu í dag.

Standi vilji ríkissjóðs til þess að takmarka fjárhagslega áhættu sína hvetja samtökin til þess að leitað verði ítrustu leiða til að ná sátt í máli ÍL-sjóðs með samningum við kröfuhafa, fremur en leið lagasetningar.

¹<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Minnisblað%20-%20ÍL%20sjóður%201.desember%202023.pdf>

² <https://samradapi.island.is/api/Documents/69b19576-5788-ee11-9bbf-005056bcce7e>

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Anna Hrefna Ingimundardóttir



Stefanía Kolbrún Ásbjörnsdóttir